



Félag löggiltra endurskoðenda

Stefna FLE

Formáli

Stefna FLE tekur mið af samþykktum félagsins og tekur til félagsmanna, hlutverks, hagsmunagæslu, þjónustu við félagsmenn og faglegs starfs.

Félagsaðild

Félagið er fyrir alla þá sem hlotið hafa löggildingu sem endurskoðendur á Íslandi. Aukaaðild er fyrir þá sem skráðir eru í starfsþjálfun hjá endurskoðunarfyrirtækjum.

Gildi

Starfsemi FLE byggir á ákveðnum grunngildum sem eru: heilindi, óhæði & traust. Gildin endurspeglast í siðareglum fyrir endurskoðendur.

Hlutverk og innra skipulag

FLE er ætlað að gæta hagsmuna félagsmanna, sinna lögbundnum verkefnum samkvæmt samþykktum félagsins um hlutverk þess. FLE stuðlar að faglegri þróun stéttarinnar, er vettvangur skoðanaskipta og stuðlar að góðu félagslífi meðal félagsmanna með fjölbreyttum viðburðum og öðrum vettvangi til félagsstarfa. Skipuleggja skal innra starf félagsins með þeim hætti að hagkvæmni og stöðugar umbætur séu hafðar að leiðarljósi.

Endurmenntun

Félagið leitast við að tryggja fjölbreytt framboð endurmenntunar sem uppfyllir mismunandi þarfir félagsmanna og um leið lagaskyldu um framboð endurmenntunar. Námsstyrkja- og rannsóknasjóði FLE er ætlað að efla þekkingu stéttarinnar með því að styrkja framhaldsnám og veita styrki til eflingar rannsókna í endurskoðun og reikningshaldi, eða stofnanir sem standa fyrir slíku námi.

Hagsmunagæsla, ímynd og upplýsingamiðlun

FLE gætir hagsmuna stéttarinnar með því að koma á og viðhalda tengslum við hagsmunaaðila og aðra sem snerta störf endurskoðenda. FLE er einnig ætlað að kynna hlutverk og störf endurskoðenda út á við í þeim tilgangi að viðhalda og verja traust og heilindi hennar.

Faglegt starf

FLE skal stuðla að faglegri þróun stéttarinnar með fjölbreyttri endurmenntun, faglegum úttektum og álitsgerðum, virkri upplýsingagjöf og stuðningi við endurskoðendur þar sem þess er þörf.

Erlent samstarf

Félagið er virkur þátttakandi í erlendu samstarfi. Áherslan er á samstarf við aðila þar sem hagsmunir FLE eru ríkastir svo sem með Norðurlöndunum (NRF) og í Evrópu (FEE). Félagið leitast við að uppfylla skuldbindingar IFAC. FLE er jafnframt ætlað að miðla þeim upplýsingum sem aflað er með samstarfinu til félagsmanna og annarra hagsmunaaðila eins og stjórnvalda.